

SAMÞYKKT

57

5. júní

um lokunartíma hárgreiðslustofa í Reykjavík.

1. gr.

Hárgreiðslustofum í Reykjavík skal loka eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal hárgreiðslustofum lokað ekki síðar en kl. 6 síðdegis og þær ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 8½ árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal stofunum lokað ekki síðar en kl. 4½ síðdegis og laugardagana fyrir páska og hvítasunnunni ekki síðar en kl. 6 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda stofunum opnum til kl. 11 síðdegis og næstsíðasta virkan dag fyrir aðfangadag til kl. 9 síðdegis.

Síðasta vetrardag og miðvikudaginn fyrir uppstigningardag má hafa stofurnar opnar til kl. 7 síðdegis, en miðvikudaginn fyrir skírdag og föstudaginn fyrir hvítasunnunni til kl. 8 síðdegis.

Á tímabilinu 15. maí til 15. september ár hvert er heimilt að hafa stofurnar opnar til kl. 8 síðd. á föstudögum, en loka skal þeim eigi síðar en kl. 2 síðd. á laugardögum.

Á tímabilinu 16. september til 14. maí má hafa stofurnar opnar til kl. 8 síðdegis á laugardögum.

3. gr.

Amenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudaginn í ágústmánuði mega engar hárgreiðslustofur vera opnar.

Dagana 1. maí, 17. júní og 1. desember skal loka stofunum kl. 2 síðdegis, ef þá daga ber upp á virka daga.

4. gr.

Þá, sem komnir eru inn í hárgreiðslustofur fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum þessarar samþykktar, þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykktinni skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17, 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. júní 1937.

F. h. r.

Vígús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.